

AUGLÝSING

um lok banns við innflutningi frá Danmörku vegna Newcastle-veiki.

1. gr.

Með vísan til þess að nú liggja fyrir upplýsingar frá dönskum dýrasjúkdómayfirvöldum um upprætingu á „Newcastle Disease“, er felld úr gildi bann landbúnaðarráðuneytisins á innflutningi frá Danmörku á lifandi fuglum, frjóeggjum og hráum afurðum alifugla frá Danmörku, sem sett var með auglýsingu nr. 863/2002.

2. gr.

Brot gegn auglýsingu þessari varða viðurlögum samkvæmt 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett með vísun í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Samhliða birtingu hennar fellur úr gildi auglýsing nr. 863/2002.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. janúar 2003.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.